

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja við Miðstræti 7 og 11a og Vestmannabraut 20 og 28B.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 25. nóvember 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja vegna breyttra skilmála lóða við Miðstræti 7 og 11a og Vestmannabraut 20 og 28B. Gögnin voru grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin nær til lóða við Miðstræti 7 og 11a og Vestmannabraut 20 og 28B, og nær til breytinga á skilmálum til að auka sveigjanleika, rýmka byggingarmagn og hönnunarútfærslur í byggingum. Fyrir Miðstræti 7, 11a og Vestmannabraut 20 er dregið úr lágmarks þakhalla þannig að útveggir á rishæð hækka og heimild er veitt fyrir 1-2 hæðum. Við þetta eykst hámarks fermetrafjöldi án þess að byggingarreitur eða hámarkshæð aukist.

Við Vestmannabraut 28b er auk þessa veitt heimild fyrir kjallarahæð sem hefur rýmri grunnflöt en jarðhæð, en án kjallarahæðar hefði þurft nokkra landmótun fyrir húsið sem stendur í landhalla. Að lokum eru svalir heimilar út fyrir byggingarreit á öllum lóðunum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 17. desember 2025.

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 8. janúar 2026